



Framhaldsskólakennarar - Menntaskólinn á Ísafirði

Menntaskólinn á Ísafirði auglýsir eftir framhaldsskólakennurum næsta skólaár til kennslu í eftirtöldum námsgreinum:

Danska u.þ.b. hálf staða, **líffræði** ein staða, **háriðngreinar** ein staða, **sjúkraliðagreinar** hálf staða og **vélstjórn** ein staða. Umsækjendur skulu hafa fullgild kennsluréttindi á framhaldsskólastigi í viðkomandi kennslugrein. Æskilegt er að umsækjendur um vélstjórnargreinar hafi lokið vélstjórnarnámi D og hafi rétt til að vera 1. vélstjóri á skipi með ótakmarkað vélarafl (Skírteini: (VF.I)).

Sóst er eftir kennurum sem hafa til að bera góða samskipta- og skipulagshæfni, þjónustulund, frumkvæði, eru sjálfstæðir í vinnubrögðum, hafa áhuga á að vinna með ungu fólki og taka þátt í þróunarstarfi í kennsluháttum og námsmati og þverfaglegu samstarfi.

Ráðið verður í stöðurnar frá 1. ágúst 2013. Laun eru samkvæmt gildandi kjarasamningi KÍ og fjármálaráðherra og stofnanasamningi skólans.

Í anda jafnréttisstefnu MÍ er hvatt til þess að konur jafnt sem karlar sækji um stöður við skólann.

Umsóknum skal skilað rafrænt á netfangið jon@misa.is með tilheyrandi fylgigögnum s.s. leyfisbréfi, ferilskrá, prófskírteinum og öðrum upplýsingum sem umsækjanda þykir skipta máli. Umsóknarfrestur er til 7. maí.

Menntaskólinn á Ísafirði býður upp á fjölbreytt nám, bæði bók- og verknám. Í MÍ er öflugt og fjölbreytt þróunarstarf. Skólaandi MÍ er góður og andrúmsloftið í starfsmannahópnum er gott. Reisulegar byggingar Menntaskólans á Ísafirði eru rúmgóð og björt húsakynni. Þar er ein besta vinnuaðstaða til náms og kennslu sem þekkest á landinu. Menntaskólinn á Ísafirði er meðal fremstu framhaldsskóla landsins í notkun upplýsingatækni. Skólinn getur boðið kennara í fullu starfi íbúð á góðum kjörum.

Nánari upplýsingar um skólann eru á <http://www.misa.is/> og um starfið veitir Jón Reynir Sigurvinsson skólameistari jon@misa.is, - 4504400. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun hefur verið tekin um ráðningu. Umsóknir gilda í a.m.k. sex mánuði ef staðan losnar á ný.

Jón Reynir Sigurvinsson
Skólameistari MÍ